



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 7. mars 2019
SFS2019020033
155. fundur
HG/et

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: *Embættisafgreiðsla sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs*

Bréf frá samráði leikskólastjóra, dags. 22. október 2018, þar sem óskað er eftir auknu fjármagni vegna lokunar og opunar leikskóla í tengslum við sumarleyfi

Svarað með bréfi dags. 25. febrúar 2019 þar sem fram kemur að ósk samráðs leikskólastjóra um aukið fjármagn til að greiða starfsfólki fyrir að sinna ýmsum verkefnum tengdum lokun og opnun leikskóla í tengslum við sumarleyfi, verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2020.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Skúla Helgasonar formanns skóla- og frístundaráðs
Berist til Helga Grímssonar Sviðstjóra skóla- og frístundasviðs

Reykjavík 22. október 2019

Erindi:

Ósk leikskólastjóra um aukið fjármagn til leikskóla vegna lokunar og opunar skólanna í sumarleyfum.

Við lokun leikskólans vegna sumarleyfa, þarf ákveðin vinna að fara fram í frágangi og þrifum.

Við opnun leikskólans eftir sumarleyfi er nauðsynlegt að undirbúa opnun. Þanta þarf inn fyrir eldhús, yfirfara lóð, undirbúa deildir og lofta út. Mjög oft er allt á hvolfi eftir framkvæmdir og þá þarf að þrifa og gera heilmiklar hreingerningar og standsetja deildir.

Þetta erindi var rætt í samráði 16. september 2016 og fylgt eftir með erindi 10. nóvember 2016. Því hefur ekki verið svarað.

Virðingarfyllst

Leikskólastjórar í samráði

Sudkún Gunnadóttir


Helena Jónsd

Jakó Pálulátti

Ólafur

Þórunn Gyða Bjarnsdóttir

Gyða Gunnadóttir



Samráð leikskólastjóra

Ósk leikskólastjóra um aukið fjármagn til leikskóla vegna lokunar og opnunar skólanna í sumarleyfum

Vísað er til erindis sem dagsett er 22. október 2018 þar sem fram kemur að við lokun leikskóla vegna sumarleyfa þurfi að fara fram ákveðin vinna vegna frágangs og þrifa. Bent er á að nauðsynlegt sé að undirbúa opnun, þanta inn fyrir eldhús, yfirfara lóð og undirbúa deildir. Einnig kemur fram að oft vanti upp á frágang eftir framkvæmdir og að þá þurfi að hreingera og standsetja deildir.

Í umræðu um erindið hefur komið fram fyrirspurn um það hvort heimilt væri að loka á miðjum degi fyrir sumarleyfi leikskólans og opna á hádegi eftir fríð til að starfsfólk hafi svigrúm til þessarar vinnu. Varðandi þennan þátt er ljóst að í reglum um leikskólaþjónustu er kveðið á um heimild til að loka leikskóla í allt að 20 virka daga vegna sumarleyfa og óski leikskólastjórar þess að loka og opna á miðjum degi þarf sá dagur að vera innan 20 daga heimildarinnar; ekki er heimilt að bæta við 21 deginum vegna þessa.

Ósk leikskólastjóra um aukið fjármagn til að greiða starfsfólki fyrir að sinna þessari vinnu innan sumaropnunar verður vísað í fjárlagagerð fyrir árið 2020.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs